# Á sprengisandi

Grímur Thomsen

Sigvaldi Kaldalóns




*Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,*
*þurran vill hún blóði væta góm,*
*eða líka einhver var að hóa*
*undarlega digrum karlaróm.*
*:,: Útilegumenn í Ódáðahraun*
*eru kannski ´að smala fé á laun. :,:*

*Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,*
*rökkrið er að síga ´á Herðubreið.*
*Álfadrottning er að beisla gandinn,*
*ekki ´er gott að verða ´á hennar leið.*
*:,: Vænsta klárinn vildi ´ég gefa til*
*að vera komin ofan í Kiðagil. :,:*